



6. fundur stjórnar Aftureldingar 21. júní 2012

Fundur settur kl. 18:20 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Gylfi Gíslason, Helga Jóhannesdóttir, Hekla Klemenzdóttir og Kristín Reynisdóttir. Ásmundur Pálsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Ráðning íþróttafulltrúa.
2. Rekstrarstyrkir
3. Lögfræðiaðstoð.
4. Skrifstofuaðstaða.
5. Sérgreinastjórar 50+
6. Styrktaraðilar 50+
7. Undirbúningur fyrir samninga við Mosfellsbæ.
8. Önnur mál.

1. Ráðning íþróttafulltrúa. Umsóknarfrestur er runninn út og verið er að vinna úr umsóknum.
2. Rekstrarstyrkir. Gjaldkeri upplýsir að nú sé búið að safna saman upplýsingum um fjölda iðkenda 18 ára og yngri hjá öllum deildum. Rætt um ósamræmi það sem verið hefur í skiptingu milli deilda og stjórnir deilda höfðu verið upplýstar um á fundum síðastliðinn vetur. Ákveðið að rekstrarstyrk frá bænum verði skipt þannig að miðað verði við fjölda iðkenda og lengd reglulegs æfingatíma í mánuðum á ársgrundvelli.
3. Lögfræðiaðstoð. Umræða varð um þörfina á að Afturelding komi sér upp tengslum við lögmann sem hægt verði að leita til þegar á þarf að halda. Aðalstjórn sammála því að nauðsynlegt sé að hafa aðgang að lögmanni og felur formanni að finna einn slíkan.
4. Skrifstofuaðstaða. Umræða varð um brýna þörf fyrir skrifstofuaðstöðu sem verður enn meira knýjandi þegar íþróttafulltrúi kemur til starfa. Bæjaryfirvöld höfðu upplýst að Afturelding fengi húsnæðið 1. júní en seinkun hefur orðið á því líkt og augljóst er. Verið er að vinna í málinu.
5. Sérgreinastjórar á 50+. Umræða varð um framkvæmd landsmótsins 50+ sem tókst vel og ákveðið að senda sérgreinastjórum Aftureldingar sérstakar þakkir. Ritari tók að sér að gera textann.
6. Styrktaraðilar 50+. Ákveðið að senda styrktaraðilum sérstök þakkarbréf. Ritari tók að sér að gera textann.
7. Undirbúningur fyrir samninga við Mosfellsbæ. Rætt hvernig best verði staðið að undirbúningi viðræðna. Stefnt er að fundi fimmtudag 23. ágúst með stjórnnum deilda þar sem hafinn verði undirbúningur viðræðna. Samningamenn aðalstjórnar voru tilnefndir á 3. fundi aðalstjórnar 26. apríl sbr. fundargerð.
8. Önnur mál. Engin

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 20:20. Næsti reglulegi fundur verður haldinn 16. ágúst kl 18:15

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir, ritari aðalstjórnar